

EFTIRLITSSKÝRSLA

Ævintýradalurinn ehf. Heydal, Súðavíkurbreppi



Dags eftirlits	15.11.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Ævintýradalurinn ehf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Heydal	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6705024140	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Lóa Hrönn Harðardóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Pálmason	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu. Engar ábendingar voru gerðar. Um er að ræða fyrsta eftirlit til rekstraraðila og því voru engin eldri frávik opin þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Ævintýradalsins í Heydal.

Um nýja starfsemi er að ræða og er Ævintýradalurinn með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 15. desember 2022 og gildir til 15. desember 2038. Nú er stöðin notuð til matfiskeldis en einnig er heimilt að nota hana til seiðaeldis. Hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 20 tonn vegna matfiskeldis.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir nýtt starfsleyfi rekstraraðila
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Farið yfir nýtt starfsleyfi rekstraraðila

Farið var yfir starfsleyfi rekstraraðila og minnt á kröfur um sýnatökur og gagnaskil. Samkvæmt starfsleyfi skal mæla heildarfósfór og heildarköfnunarefni, svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD₅) a.m.k. tvisvar á ári við inntak í stöðina og við útrás. Auk þess skal fylgjast með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis, út frá útreikningum frá fóðurnotkun. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og skila til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og það útskýrt.

- Kynningar á fylgiskjölum.

Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg, kynning á nýrri gjaldskrá UST og kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits, sem fylgdu fundarboðinu, voru ræddar.

- Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

- Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Fiskur er í tveimur kerjum og er áætlað að lífmassi þegar eftirlitið fór fram, hafi verið um eitt tonn. Frárennsli frá kerjunum fer í gegnum tromlusíu og þaðan er því, stærstan hluta ársins, veitt inn í gróðurhús þar sem það er notað til ræktunar á grænmeti. Engin lyf eða hættuleg efni eru notuð eða geymd í stöðinni.

Engar athugasemdir eru gerðar við frágang og umgengi.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru gerðar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.12.2023

Freyr Ævarsson